



288. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn miðvikudaginn 22. apríl 2020 kl. 12:00 í gegnum Microsoft Teams.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti Gunnar Bragason gjaldkeri, Dominiqua Alma Belányi, Garðar Svansson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Lilja Sigurðardóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Forföll: Ása Ólafsdóttir og Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir.

Forseti setti fundinn og stýrði honum.

1. Ólympísk málefni

Þórey Edda Elísdóttir formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir ólympísk málefni. Ólympíuleikunum í Tókýó hefur verið frestað til ársins 2021 og nýjar dagsetningar leikanna eru 23. júlí til 8. ágúst 2021. Óvissutímar eru framundan í alþjóðlegu mótahaldi sem og mótahaldi hér heima og miklar tilfærslur á viðburðum og viðburðir í sumum tilfellum felldir niður.

Starfsmenn á sviðinu hafa nýtt tímann og unnið verkefni sem setið hafa á hakanum vegna anna. Sviðsstjóri sviðsins hélt fjarfund með afreksíþróttafólki nýlega til að heyra í þeim hljóðið og leiðbeina þeim varðandi ýmis mál sem á þeim hvíla vegna aðstæðna vegna COVID-19. Verið er að kanna ýmsar leiðir til að styðja enn betur við afreksíþróttafólkið á þessum óvissutímum.

2. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður fagsviðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ skýrði frá því helsta sem framundan er á sviðinu.

Hjólað í vinnuna stendur yfir dagana 6.-26. maí nk. Setningarathöfn verður í Þróttarheimilinu 6. maí nk. kl. 8:30. Í ljósi aðstæðna verða einungis boðsgestir viðstaddir og fjöldatakmarkanir og nándarviðmið virt. Heilbrigðisráðherra, umhverfis- og auðlindaráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og borgarstjóri hafa nú þegar staðfest þátttöku sína í viðburðinum. Þátttakendur í áttakinu, sem vinna heima við, verða hvattir til að hjóla samsvarandi vegalengd og mælist frá heimili að vinnustað, fyrir og eftir vinnu.

Kvennahlaupið er áfram fyrirhugað 13. júní nk. Frumsýningarviðburður, þar sem ný bolategund hlaupsins verður kynnt, verður 7. maí, eingöngu fyrir boðsgesti en honum verður einnig streymt á netinu. Verið er að skoða ýmsar útfærslur á hlaupinu, sérstaklega varðandi stóru hlaupastaðina í ljósi fjöldatakmarkana á samkomum.

Borist hefur jákvætt svar um styrk frá Evrópuráðinu vegna Íþróttaviku Evrópu, líkt og undanfarin ár.

Viðar Garðarsson formaður fagsviðs Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ.

Verið er að keyra aukaönn í þjálfaramenntuninni, í því ljósi þess að margir eru frá vinnu og geta nýtt tímann til að bæta við sig þjálfaramenntun. Skráningin í námið var mjög góð og önnin hófst í vikunni. Unnið er að undirbúningi vottunar á nokkrum Fyrirmyndarhéruðum ÍSÍ og er afar jákvætt hversu vel gengur að fjölga í þeim hópi. Í umræðu eru hugmyndir um mögulega aðkomu Fyrirmyndarhéraða að vottun Fyrirmyndarfélaga innan þeirra vébanda.

Nýlega var fundað með framkvæmdastjóra ÍBR vegna skýrslu Reykjavíkurborgar varðandi fjárhagsstöðu íþróttafélaga.

Verið er að skoða möguleika á umsókn um styrk frá Erasmus+ til verkefnisins Sýnum karakter í samstarfi við UMFÍ, Háskólann í Reykjavík, fjögur sérsambönd innan ÍSÍ og erlendan háskóla.

3. Málefni COVID-19

Framkvæmdastjóri fór yfir aðgerðir ÍSÍ og stjórnvalda varðandi takmarkanir á samkomum vegna farsóttar. Ný auglýsing heilbrigðisráðherra var birt í gær og verður í gildi 4. maí til 1. júní nk. Engar takmarkanir verða á íþróttastarfi barn á leik- og grunnskólastarfi á gildistíma auglýsingarinnar en íþróttastarf annarra aldurshópa verður með töluverðum takmörkunum áfram. Fundað var annars vegar með sérsamböndum ÍSÍ og hins vegar með íþróttahéruðum þar sem Víðir Reynisson yfirlögregluþjónn var gestur á báðum fundunum. Víðir fór yfir áherslur á afléttingu takmarkana á samkomubanni sem tekur gildi 4. maí nk. Hann svaraði einnig spurningum sambandsaðila og tók við ábendingum frá þeim.

Forseti þakkaði Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra fyrir hennar mikla og góða starf á þessum álagstímum en hún hefur verið miklum tengslum við yfirvöld um málefni tengd kórónuveirunni og aðgerðir er lúta að íþróttastarfinu.

4. Framlag ríkisins til íþróttahreyfingarinnar vegna COVID-19

Forseti fór yfir stöðu mála varðandi 450 milljón króna fjárframlag frá ríkinu til íþróttahreyfingarinnar til að vinna gegn afleiðingum af COVID-19 aðgerðum í landinu. Vinnuhópurinn sem framkvæmdastjórn skipaði á síðasta fundi er að störfum og hefur lagt mikla vinnu í að forma reglur um dreifingu þessa framlags.

Annars vegar verður um almenna aðgerð að ræða þar sem greitt verður beint til íþrótt- og ungmennafélaga innan vébanda ÍSÍ og UMFÍ. Verður framlagið greitt til aðalstjórna og þeim falið að skipta niður á deildir. Framlagið mun dreifast til þeirra félaga sem eru með starfsemi fyrir iðkendur 6-18 ára. Iðkendur í almenningsíþróttadeildum munu ekki verða taldir með þar sem mismundandi er á milli félaga hvernig staðið er að skráningum í þær deildir.

Ef félag er fjölgreinafélag þá hækkar framlagið fyrir hverja grein sem félagið er með, upp í fimm greinar. Heildarúthlutun til félags verður ekki hærri en 3% af rekstri viðkomandi félags árið 2018, samkvæmt starfsskýrsluskilum 2019. Alls verður 300 milljónum úthlutað með almennu aðferðinni. Lágmark framlags er 50.000,- kr. Fyrir þau félög sem hljóta lægstu upphæðirnar.

218 félög sem falla undir ofangreindar skilgreiningar. Vonast er til að með almennu aðferðinni náist að koma vel til móts við þá sem helst hafa orðið fyrir tjóni.

Hins vegar sértækar aðgerðir og verður 150 milljónum króna úthlutað þannig. Um verður að ræða umsóknarferli þar sem félög geta sótt um framlag vegna viðburða og atburða sem fallið hafa niður vegna COVID-19 og félagið hefur orðið fyrir tekjufalli vegna. Settar verða reglur um úthlutunina og umsóknarferlið auglýst. Umsækjandi verður að skila fjárhagslegum upplýsingum og skilagreinum sem að sanna tjónið. Miðað skal við að tjón á hverjum viðburði til að falla undir þessar aðgerðir sé að lágmarki ein milljón króna. Miðað verður við tjón sem orðið hefur frá upphafi aðgerða stjórnvalda og til 1. maí nk. Ef félög verða fyrir tjóni síðar þá mun verða skoðað af yfirvöldum hvort að gripið verður til frekari styrkveitinga vegna þeirra.

Vinnuhópurinn hefur kynnt ofangreint fyrir ráðherra sem hefur samþykkt þessa nálgun.

Verið er að vinna að samningsdrögum vegna þessa fjármagns og vonandi lýkur þeirri vinnu í þessari viku.

ÍSÍ verður framkvæmdaraðili við úthlutun þessara fjármuna en samþykki þarf frá ráðuneytinu fyrir öllum úthlutunum. ÍSÍ tekur því ekki endanlega ábyrgð á upphæðum heldur ráðuneytið sem staðfestir þær með undirritun.

Forseti skýrði frá því að hann væri í viðræðum við stjórnvöld varðandi frekari aðgerða til aðstoðar hreyfingunni enda gríðarlega miklir hagsmunir í húfi. Hann sagðist einnig hafa fundað með formanni KSÍ en knattspyrnuhreyfingin hefur orðið fyrir miklum skakkaföllum vegna COVID-19.

Gríðarlegt álag er á stjórnvöldum þessarar vikunar og ekki einfalt mál að koma saman aðgerðarpökkum til hjálpar öllum þáttum samfélagsins.

Forseti óskaði eftir samþykki frá framkvæmdastjórn um að tillaga vinnuhópsins um aðferðafræði vegna úthlutunar þessa fjármagns verði notuð og lögð fyrir ráðuneytið til samþykktar.

Almennar umræður urðu um málið og stöðu íþróttahreyfingarinnar á þessum erfiðu tímum. Ljóst er að margir munu eiga erfitt á komandi mánuðum.

Forseti benti einnig að framlag ríkisstjórnarinnar, sem greint var frá í aðgerðarpakka 2 að upphæð 600 m. króna til sveitarfélaga, verði úthlutað í formi aukins frístundastyrks muni koma íþróttahreyfingunni til góða þar sem það mun auðvelda foreldrum að koma börnum sínum inn í frístundastarf. Gert er ráð fyrir 50 þúsund króna styrk til 12.000 iðkenda.

Tillaga vinnuhópsins samþykkt samhljóða.

5. Aðalfundur Íslenskrar getspár – skipan fulltrúa ÍSÍ í stjórn

Búið er að boða til aðalfundar Íslenskrar getspár 13. maí nk.

Forseti ÍSÍ og gjaldkeri hafa verið aðalmenn í stjórn Getspár. Þeir óska eftir því að fá að halda því áfram næsta kjörtímabil og var tillaga um það samþykkt samhljóða.

Samþykkt að Knútur G. Hauksson stjórnarmaður og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri verði varamenn.

6. Bocciafélag Akureyrar – ósk um niðurfellingu á fjárkröfu

Forseti skýrði forsöguna. Félagið stefndi ÍSÍ og ÍBA fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna höfnunar á aðildarumsókn en dómurinn hafnaði málinu alfarið. Málskostnaður féll á félagið, alls krónur 400 þúsund sem ganga eiga til ÍBA og ÍSÍ.

Samþykkt að heimila forseta og framkvæmdastjóra að vinna áfram að málinu í samráði við ÍBA með ákveðnar tillögur að lausn að leiðarljósi.

7. Erindi BLÍ vegna aðstöðumála strandblaks

Óskað hefur verið eftir stuðningi ÍSÍ við áform um að koma upp heilsársaðstöðu fyrir strandblaksíþróttina. Framkvæmdastjóri hefur verið í samskiptum við formann sambandsins og málin eru í skoðun. Málið í farvegi.

8. Erindi Þríprautarsambands Íslands vegna GSSE 2023

Tekið fyrir erindi Þríprautarsambands Íslands þar sem óskað er eftir því að ÍSÍ styðji tillögu um þrípraut sem keppnisgrein á GSSE á Möltu 2023, ef mótshaldarar leggja slíka tillögu fram á aðalfundi samtakanna.

Forseta og framkvæmdastjóra heimilað að styðja málið ef tillaga um þetta kemur fram á næsta aðalfundi GSSE.

Forseti skýrði frá því að ÍSÍ hafi borist í gær bréf frá Ólympíunefnd Andorra þar skýrt er frá því að nefndin neyðist til að fresta Smáþjóðaleikunum sem halda átti í Andorra á næsta ári, vegna aðstæðna í landinu, fjárhagsaðstæðna og afleiðinga COVID.

Málið verður væntanlega á dagskrá aðalfundar.

9. Undirritun 2021 World Anti-Doping Code

Heimssamband ólympíunefnda (ANOC) hefur sent ÍSí erindi þar sem óskað er eftir undirritun ÍSí til staðfestingar á gildistöku 2021 World Anti-Doping Code.

Lyfjæftirlit Íslands er ábyrgt fyrir því að framfylgja öllum skilyrðum sem sett eru við gildistöku og má búast við að ÍSí þurfi m.a. að breyta lögum á næsta þingi vegna þessa.

Samþykkt að heimila forseta og framkvæmdastjóra að undirrita ofangreinda staðfestingu og fylgja málinu eftir við Lyfjæftirlit Íslands.

10. Heiðranir

Engar tilnefningar lágu fyrir fundinum.

11. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 285., 286. og 287. fundur framkvæmdastjórnar
- 4. og 5. fundur framkvæmdaráðs ÍSí
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSí frá 21. apríl 2020
- Þróunar- og fræðsluvið frá 2. apríl 2020
- Afrekssjóður ÍSí frá 3. mars og 21. apríl 2020

Í fundargerð fundarins frá 21. apríl sl. koma fram tillögur að niðurfellingu styrkja til sex sérsambanda, samtals að upphæð kr. 3.372.689,-. Tillögur Afrekssjóðs ÍSí um niðurfellingar styrkja samþykktar, skv. fundargerð sjóðsins.

- Laganefnd ÍSí frá 21. apríl 2020 – **Tillögur laganefndar um afgreiðslu mála samþykktar að undanskildri afgreiðslu 1. töluliðs fundargerðarinnar. Samþykkt að staðfesta lög viðkomandi sambands án athugasemda.**
- Verkefnasjóður ÍSí frá 21. apríl 2020 – **Tillögur Verkefnasjóðs ÍSí að styrkveitingum til verkefna, skv. fundargerð, samþykktar.**

12. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu verkefni sem framundan eru og til lengri tíma litið.

13. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSí

Forseti gerði fundarmönnum grein fyrir því að gera megi ráð fyrir nokkuð reglubundnum fundum á meðan íþróttastarf er ekki komið í eðlilegt horf og viðbrögð þurfa að vera skjót vegna aðstæðna í samfélaginu. Dagsetningar funda hafa ekki verið fastsettar og boðað getur verið til fundar með minni fyrirvara en venja er.

14. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari